

1990 nr. 102 12. desember**Lög um norrænt fjármögnunarfélag á sviði umhverfisverndar**

Tóku gildi 19. desember 1990. Breytt með L. 129/2004 (tóku gildi 31. des. 2005).

■ 1. gr.

□ Stofna skal norrænt fjármögnunarfélag samkvæmt samningi milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um stofnun norræns fjármögnunarfélags á sviði umhverfismála sem undirritaður var í Reykjavík 2. mars 1990.

■ 2. gr.

□ Félagið skal undanþegið ákvæðum laga nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála,¹⁾ svo og annarra laga er setja kunna hömlur á greiðslur í erlendum gjaldeyri eða

gjaldeyrisviðskipti, að svo miklu leyti sem slík ákvæði hindra eða torvelða starfsemi félagsins eða efndir skuldbindinga þess.

¹⁾ Nú l. 87/1992.

■ 3. gr.

□ Félagið skal undanþegið aðstöðugjaldi, landsútsvari [og tekjuskatti],¹⁾ svo og öðrum gjöldum sem lögð kunna að vera á tekjur, eignir eða veltu til ríkis eða sveitarfélaga.

¹⁾ L. 129/2004, 82. gr.

■ 4. gr.

□ Lánssamningar, sem félagið er aðili að, skulu vera undanþegnir stimpilgjöldum og öðrum gjöldum hins opinbera.

■ 5. gr.

□ Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.